

66 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, 22. júní til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

67  
22. júní

## G J A L D S K R Á

fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar.

Vatnsskattur skal vera sem hér segir:

1. Húseigendur á vatnsveitusvæðinu greiði:
  - a. Tvo og hálfan af þúsundi af fasteignamatsverði húsa, sem metin eru allt að 50 þús. krónur.
  - b. Einn af þúsundi af fasteignamatsverði húsa, sem metin eru yfir 50 þús. krónur.
2. Fyrir vatn til fiskþvottar 10 aura fyrir hvert skpð fiskjar.
3. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu síldar og fyrir hverja tunnu kjöts.
4. Fyrir hvert vatnssalerni 5 kr. á ári.
5. Fyrir vatnsnotkun til baða 5 kr. á ári (baðherbergi).
6. Fyrir vatn til skipa skal greiða við afhendingu kr. 2.00 fyrir hverja smalest vatns, þó eigi minna í hvert skipti en kr. 10.00 fyrir fiskiskip, og kr. 20.00 fyrir öll önnur skip.
7. Fyrir aðra notkun ákveður bæjarstjórnin gjaldið þegar ástæða þykir til.

Gjöld þessi getur bæjarstjórnin hækkað eða lækkað allt að 25%.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júní 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

68  
22. júní

## A U G L Ý S I N G

um breyting á gjaldskrá fyrir talsímanotendur í Reykjavík og Hafnarfirði, sem gildir frá 1. júlí 1937.

Þriðja málsgrein I. kafla orðist þannig:

Framangreind gjöld miðast við síma innan takmarka, sem liggja 1 km. eftir aðalsímalínunum utan Hringbrautar í Reykjavík, en þó lengist þessi fjarlægð upp í 1,5 km. utan Hringbrautar til Skerjafjarðar. Í Hafnarfirði gilda framangreind gjöld innan þéttbyggðra hluta Hafnarfjarðar. Utan þessara takmarka reiknast aukauppsetningar-gjöld: kr. 10.00 fyrir hverja af þrem byrjuðum fyrstu 500 metrunum, en kr. 15.00 fyrir